



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Mataráskrift grunnskólabarna

Á skóla- og frístundaráðsfundi þann 12. janúar 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að gerð yrði könnun á því hjá þeim grunnskólanemendum sem ekki eru í mataráskrift hvaða ástæður væru fyrir því. Greint yrði hvort um væri að ræða efnahagslegar ástæður foreldra, að máltíðirnar uppfylli ekki gæðakröfur eða enn aðrar ástæður. Niðurstöður yrðu nýttar til að gera viðeigandi úrbætur til að fleiri nemendur nýti sér mataráskrift og tryggja að öllum nemendum standi til boða máltíðir óháð efnahag foreldra. Þann 23. mars 2021 var samþykkt breytingatillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs yrði falið að taka saman fyrir grunnskóla Reykjavíkur þær upplýsingar sem eru fyrirbyggjandi í Skólapúlslinum frá nemendum sem ekki eru í mataráskrift grunnskólanna og um ástæður þess. Jafnframt yrðu teknar saman upplýsingar úr öðrum könnunum varðandi mataráskriftir og matseðla í grunnskólum. Samantekt og mat á gögnunum með tilliti til úrbóta yrði síðan lagt fyrir skóla- og frístundaráð.

Hér hafa verið teknar saman upplýsingar varðandi stöðuna og gerðar tillögur til úrbóta. Í fylgiskjali er að finna ítarlegri upplýsingar um stöðu matarmála í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Tölulegar upplýsingar

Samkvæmt tölum frá fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs (SFS) voru alls 12.711 af 14.637 nemendum í 38 grunnskólum í 1.-10. bekk í mataráskrift eða 87% skólaárið 2020-2021. Þar af var hlutfallið 94% í 1.-5. bekk og 81% í 6.-10. bekk. Verð á skólamáltíð veturinn 2020-2021 var 515 krónur og mánaðargreiðsla foreldra 10.290 krónur.

Hlutfall nemenda í mataráskrift

	1.-5. bekkur	6.-10. bekkur	1.-10. bekkur
2020-2021	94%	81%	87%

Í gegnum árin hafa nemendur í 6.-10. bekk svarað spurningum um mötuneyti sinna skóla í gegnum **Skólapúls grunnskólanna**. Þar kemur meðal annars fram hvað nemendum finnst um mötuneytið og hádegismatinn hvort sem þeir eru í áskrift í mötuneytinu eða ekki. Alls voru 6.081 eða 81% nemenda í þessum aldurshópi (6.-10. bekk) skráðir í mataráskrift haustið 2020. **Niðurstöðurnar hér á eftir miðast við svörun nemenda í 6.-10. bekk úr Skólapúlsinum.**

Niðurstöður Skólapúlsins 2019-2021

Skólaárið 2019-2020 sögðust 212 nemendur (af 2.071 sem svöruðu spurningu um mataráskrift) ekki vera í mataráskrift. Skólaárið 2020-2021 svöruðu 821 (af þeim 5.242 sem svöruðu spurningunni um mataráskrift) því að þeir væru ekki í mataráskrift. Nemendur voru spurðir af hverju þeir væru ekki í mataráskrift og gátu þeir merkt við fleiri en einn af eftirfarandi svarmöguleikum:

- a) of dýrt
- b) finnst maturinn ekki góður
- c) kem með nesti
- d) vegna lífstíls- eða trúarskoðana (t.d. ef þú ert grænmetisæta/vegan eða trúarskoðanir leyfa ekki ákveðið mataræði)
- e) annað, hvað?

Svörin voru ekki ólík á milli ára. Skólaárið 2019-2020 svöruðu 14 nemendur, af þeim 212 sem sögðust ekki vera í mataráskrift, því til að maturinn væri of dýr en skólaárið 2020-2021 svöruðu 39 nemendur, af þeim 821 sem sögðust ekki vera í áskrift, því til að maturinn væri of dýr. Nemendur ekki í mataráskrift skólaárin 2019-2020 og 2020-2021 voru jafnframt beðnir um að svara skriflega, í opinni spurningu, hvort þeir gætu nefnt ástæður fyrir því af hverju þeir væru ekki í mataráskrift. Svörin voru flokkuð niður og greind og þar nefndu 6 nemendur að bágur efnahagur væri ástæða þess að þeir væru ekki í mataráskrift árið 2019-2020 en aðeins 1 nemandi nefndi þá ástæðu í opnu svörunum árið 2020-2021.

Miðað við þessar niðurstöður gefa mjög fáir nemendur bágan efnahag upp sem ástæðu þess að vera ekki í mataráskrift. Um er að ræða samtals 0,3% allra nemenda í 6.-10. bekk skólaárið 2019-2020 og samtals 0,5 % nemenda skólaárið 2020-2021. Samsvarandi tölur eru ekki fyrirbyggjandi fyrir 1.-5. bekk en ætla má að þetta hlutfall sé á svipuðu róli þar og í 6.-10. bekk.

Ef aðrar ástæður þess að vera ekki í mataráskrift eru skoðaðar kemur í ljós að ríflega 60% nemenda (af annars vegar 212 nemendum (2019-2020) og hins vegar af 821 nemendum (2020-2021)), sem segjast ekki vera í mataráskrift, finnst maturinn ekki góður, um þriðjungur segist koma með nesti, 8% gefa upp lífsstíls-eða trúarskoðanir (t.d. ef þau eru grænmetisætur, vegan eða að trúarbrögð leyfi ekki ákveðið fæði) en sá fjöldi var kominn niður í 6% á síðasta skólaári (2020-2021). Um fimmtungur nemenda, sem ekki eru í mataráskrift, gefur upp aðrar ástæður en þær sem nefndar hafa verið.

Lýðfræðilegar breytur (LOI) og fjárhagsstuðningur

Þegar skoðað er samband þess hversu stórt hlutfall nemenda er í mataráskrift við upplýsingar um tekjur foreldra skólabarna sem í skólahverfinu búa sést að heldur lægra hlutfall er í mataráskrift í þeim skólahverfum þar sem tekjurnar eru heldur lægri. Jafnframt kemur í ljós að færri nemendur eru í mataráskrift í skólum þar sem er hátt hlutfall fjöltyngdra nemenda. Hugsanlegt er að það sé vegna lægri tekna fjölskyldna þeirra en mögulega kemur einnig til menningarmunur og smekkur fyrir íslenskum skólamötuneytismat. Nánari útlistun má sjá í fylgiskjali.

Foreldrar sem njóta fjárhagsstuðnings til framfærslu frá borginni fá í hverjum mánuði sérstaka fjárhagsaðstoð, til viðbótar við grunnfjárhæð, fyrir hvert barn sem er með lögheimili og er á framfæri foreldris. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar.

Þessum reglum um fjárhagsaðstoð var nýverið breytt á þann hátt að nú þarf ekki lengur að sækja sérstaklega um þessa aukaaðstoð heldur kemur hún sjálfkrafa og eru reikningar greiddir beint til SFS með færslu í bókhaldi. Að auki var styrkupp hæðin hækkuð þannig að hún sé í samræmi við gildandi gjaldskrár hverju sinni. Með þessum ráðstöfunum er efnaminnsta hópnum að fullu mætt varðandi skólamáltíðir.

Gæðamál

Skólaárið 2016-2017 hófst innleiðing á matseðlum í grunnskólum Reykjavíkur þar sem markmiðið var að samræma hráefni og gæði máltíða innan hverfa borgarinnar. Viðmið varðandi orku-, prótín-, fitu- og saltinnihald máltíða voru nákvæmlega útlistuð, viðeigandi skammtastærðir aldurshópa sem og næringarsamsetning máltíða og sú næringarlega heild sem hver vika þarf að uppfylla. Matseðlatímabilið var kynnt sem 6 vikna lota til að auðvelda skipulagningu og gerð matseðla. Grunnskólum bar að fara eftir *Ráðleggingum um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri* frá Embætti landlæknis: [Ráðleggingar um mataræði LR 20.01.2015.pdf \(landlaeknir.is\)](#). Við þetta bættist Matarstefna Reykjavíkurborgar sem samþykkt var árið 2018 og gildir til 2022.

Tillögur til úrbóta

Lagt er til að farið verði í eftirfarandi úrbætur með tilliti til þeirra upplýsinga sem hér koma fram:

- a) Gera upplýsingar aðgengilegri á vef borgarinnar um leiðir fyrir efnaminni foreldra til að sækja fjárstuðning til borgarinnar til að greiða mat fyrir börn sín. Slíkar upplýsingar verða að vera aðgengilegar á nokkrum tungumálum og upplýsa þarf skólastjórnendur um ferilinn.
- b) Skerpa á verklagi innan grunnskólanna. Þeir sem sjái um að fylgjast með mataraskrift í skólum taki saman lista yfir þá sem ekki eru í matarskrift og biðji umsjónarkennara um að fylgjast með því hvort þau börn, sem ekki eru í matarskrift, séu sæmilega nestuð. Verði kennarar varir við að svo sé ekki sé slíkt rætt við t.d. stjórnendur sem geti fylgt málinu eftir. Skólar gera þetta að einhverju leyti nú þegar en nauðsynlegt er að hnykkja á vinnulagi í þessa veru. Farið verði í kortlagningu skólaárið 2021-2022 og verður verkefnið í framhaldinu unnið í samstarfi við velferðarsvið á grunni farsældarlaga til að móta aðgerðir eins og mögulegt er.
- c) Áfram verður fylgst með svörum barna í Skólapúlssi grunnskólanna og jafnframt verða settar inn aukaspurningar um mataraskrift í viðhorfskönnun til foreldra grunnskólabarna. Auk þessa verður haldið áfram að skoða reglulega gæði matar og framfylgd viðmiðunarmatseðla í grunnskólum borgarinnar.
- d) Efla upplýsingagjöf og reglulega og markvissa fundi með matreiðslufólki í grunnskólum borgarinnar. Þar skapast vettvangur til að ræða s.s. viðmiðunarmatseðla, eldun, framboð og gæði matar.
- e) Grænmetis-/grænkerafæði (vegan) og ávextir – bjóða upp á aukið val til að koma til móts við þá nemendur sem frekar vilja neyta slíks matar. Slíkt myndi jafnframt auka fjölbreytni og gera öllum nemendum kleift að smakka og jafnvel auka hlut grænmetis/ávaxta í mataræði sínu til samræmis við Matarstefnu Reykjavíkurborgar.

FYLGISKJAL - GREINARGERÐ

Tölulegar upplýsingar um mataráskrift

Samkvæmt tölum frá fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs (SFS) voru 87% nemenda í 1.-10. bekk í mataráskrift í grunnskólum borgarinnar haustið 2020. Þær tölur byggja á því hversu margir greiða fyrir mánaðarlega áskrift. Hlutfall nemenda í áskrift er hærra í yngri hópum nemenda, eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan, en 94% nemenda í 1.-5. bekk eru í áskrift á meðan 81% nemenda í 6. – 10. bekk eru í áskrift.

Hlutfall nemenda í mataráskrift

	1.-5. bekkur	6.-10. bekkur	1.-10. bekkur
2020-2021	94%	81%	87%

Þegar munur á áskrift milli skóla og allra árganga var skoðaður var svipuð þátttaka. Hvergi voru 100% nemenda í mataráskrift, þó voru 12 skólar með yfir 90% nemenda í mataráskrift. Vert er að taka fram að á þessum tímamarki er verð á skólamáltíð er um 515 krónur og er mánaðargreiðsla foreldra 10.290 krónur.


Niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins 2019-2021 um hádegismatinn og mötuneyti grunnskólanna

Niðurstöður greinagerðar eru byggðar á niðurstöðum nemenda í 6.-10. bekk sem taka þátt í Skólapúlsi grunnskólanna en um 19% nemenda í þeim aldurshópi eru ekki í áskrift í skólamötuneytum skv. tölum fjármálaskrifstofu SFS. Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins út frá þessum aldurshópi.

Hve góður maturinn er að áliti nemenda hefur án efa mikinn skýringamátt þegar kemur að því hvort nemendur borða í mötuneyti skólans eða ekki. Skólaárið 2019-2020 sögðust 1.692 nemendur (af 2.071 sem svöruðu) í 24 grunnskólum vera í mataráskrift. Skólaárið 2020-2021 sögðust 3.984 nemendur (af 5.242 sem svöruðu) úr 31 grunnskóla vera í mataráskrift.

Þeir nemendur sem eru í mataráskrift eru jafnframt spurðir hversu góður eða vondur þeim finnst maturinn. Hér fyrir neðan, á mynd 1, er sýnd dreifing svara nemenda í áskrift og hvað þeim fannst um matinn síðustu þrjú skólaárin. Á myndinni er samanburður svara milli skólaára frá hausti 2018. Samkvæmt niðurstöðum finnst nemendum í áskrift maturinn hafa batnað lítillega með hverju skólaárinu sem líður.


Mynd 1. Dreifing svara frá nemendum í áskrift* um hvort þeim fannst maturinn góður eða vondur í mötuneytum skólaárin 2018-2019, 2019-2020 og 2020-2021



Skilgreining í áskrift* í mötuneyti skólans? (ef þú borðar nánast daglega í mötuneytinu þá ertu í áskrift)

Þegar svör nemenda eru skoðuð um ástæður fyrir því að vera ekki í mataráskrift skólaárin 2019-20 og 2020-21 kemur ljós að flestum þeirra sem sögðust ekki vera í áskrift (63%) fannst maturinn ekki góður skólaárið 2019-20. Á síðasta skólaári (2020-2021) var hlutfallið komið niður í 60% eins og sjá má á mynd 2 hér að neðan. Alls 31% nemenda þeirra sem ekki eru í áskrift koma með nesti skólaárið 2019-20 og 26% nemenda koma með nesti skólaárið 2020-21. Um 8% nemenda, sem ekki eru í mataráskrift, nefndu lífstíls- eða trúarskoðanir sem ástæðu skólaárið 2019-2020 en sá fjöldi var eingöngu 0,2 % á síðasta skólaári (2020-2021). Skólaárið 2019-2020 svöruðu 14 nemendur (af 212 nemendum sem ekki eru í áskrift) því til að maturinn væri of dýr en skólaárið 2020-2021 svöruðu 39 nemendur (af 821 nemanda sem ekki eru í áskrift) því til að maturinn væri of dýr.

Mynd 2. Ástæður sem nemendur gefa upp fyrir að vera ekki í mataráskrift skólaárin 2019-20 og 2020-21. ATH! Prósentutölur eru hlutfallstölur út frá þeim fjölda nemenda sem sögðust EKKI vera í áskrift.



*t.d. ef þú ert grænmetisæta, vegan eða trúarbrögð leyfa ekki ákveðið mataræði.


Nemendur ekki í mataráskrift skólaárin 2019-2020 og 2020-2021 voru jafnframt beðnir um að svara skriflega, í opinni spurningu, hvort þeir gætu nefnt ástæður fyrir því af hverju þeir væru ekki í mataráskrift. Svörin voru flokkuð niður og greind og þar nefndu 6 nemendur að bágur efnahagur væri ástæða þess að þeir væru ekki í mataráskrift árið 2019-2020 en aðeins 1 nemendi nefndi þá ástæðu í opnu svörum árið 2020-2021.

Miðað við þessar niðurstöður gefa mjög fáir nemendur bágan efnahag upp sem ástæðu þess að vera ekki í mataráskrift. Um er að ræða samtals 0,3% allra nemenda í 6.-10. bekk skólaárið 2019-2020 og samtals 0,5 % nemenda skólaárið 2020-2021. Samsvarandi tölur eru ekki fyrirbyggjandi fyrir 1.-5. bekk en ætla má að þetta hlutfall sé á svipuðu róli þar og í 6.-10. bekk.

Niðurstöður nemenda í áskrift og ekki í áskrift úr opinni spurningu um mötuneytið skólaárin 2019-2020 og 2020-2021 má sjá hér að neðan í mynd 3. Skólaárið 2019-20 bárust rúmlega tvö þúsund athugasemdir um mötuneytið og alls 129 athugasemdir um að fiskur væri of oft í matinn. Næringarviðmið Reykjavíkurborgar segja hins vegar að fiskur eigi að vera a.m.k. 2 x í viku á boðstólnum. Um 200 athugasemdir bárust um vöntun á góðu grænmetisfæði/ávöxtum skólaárið 2019-20. Í alls 672 athugasemdum nemenda kemur fram að þeir vilja betri mat, þeim fannst hann ógeðslegur, illa eldaður eða brenndur.

Fyrri hluta skólaársins 2020-2021 bárust um eitt þúsund athugasemdir frá nemendum um mötuneyti í 30 grunnskólum og voru þær flokkaðar niður. Algengustu svörin snéru að því að nemendur vilja betri mat, fannst hann ógeðslegur, illa eldaður eða brenndur. Hér er settur sá fyrirvari að opnu svörin 2020-2021 ná eingöngu til haustannar þar sem ekki er búið að kóða þau svör sem bárust eftir áramót og því ekki hægt að telja þau með í neðangreindum tölum (mynd 3). Það er hins vegar allt sem bendir til þess að svörin milli skólaára séu mjög svipuð.

Mynd 3. Athugasemdir nemenda í áskrift og ekki í áskrift um mötuneytið skólaárin 2019-2020 og 2020-2021



Samband mataráskriftar og lýðfræðilegra breyta í skólahverfum

Skóla- og frístundasvið aflar reglulega gagna frá Hagstofu Íslands yfir lýðfræðilega samsetningu foreldrahóps hvers skólahverfis og reiknar stuðul fyrir hvern skóla sem á að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins sem geta haft áhrif á árangur hans. Meðal þeirra gagna sem er aflað og geta varpað ljósi á efnahag fjölskyldna í hverju skólahverfi er miðgildi

ráðstöfunartekna, hlutfall undir lágtekjumörkum og hlutfall þeirra fjölskyldna þar sem yfir fjórðungur tekna er bætur og framlög frá ríki og sveitarfélagi¹.

Nýjustu gögnin frá Hagstofu eru frá árinu 2018 og því liggja ekki fyrir gögn fyrir nýja skóla í norðanverðum Grafarvogi (Engjaskóla, Borgaskóla og Víkurskóla) og eru þeir því ekki með í greiningunni. Skoðað var samband þessara tekjubreytna við hlutfall þeirra sem eru í mataráskrift í hverjum skóla skólaárið 2020-2021 sem og samband mataráskriftar við hlutfall fjöltyngdra barna í skólunum skólaárið 2020-2021. Þegar fylgni þessara breytna við mataráskrift er skoðuð kemur í ljós að marktæk jákvæð fylgni er við miðgildi ráðstöfunartekna fjölskyldna í hverju skólahverfi ($r(33) = 0,48, p = 0,005$). Það gefur til kynna að skólar þar sem miðgildi ráðstöfunartekna er hærra þar er hlutfall barna í mataráskrift hærra, neikvæð fylgni er hins vegar við hlutfall fjölskyldna sem eru með 25% eða meira af sínum ráðstöfunartekjum frá hinu opinbera, ríki eða sveitarfélagi ($r(33) = -0,408, p = 0,018$) en fylgni á milli hlutfalls þeirra sem eru á lágtekjumörkum og mataráskriftar er hins vegar lág og ekki marktæk. Þá er neikvæð marktæk fylgni milli hlutfalls fjöltyngdra nemenda í hverjum skóla og hlutfalls þeirra sem eru í mataráskrift ($r(36) = -0,50, p = 0,002$), þ.e. þeir skólar sem eru með fleiri fjöltyngd börn eru með hlutfallslega færri börn í mataráskrift. Hafa ber í huga að talsverð fylgni er á milli fjöltyngis og miðgildis ráðstöfunartekna ($r(33) = 0,664, p < 0,000$) og að stór hluti tekna sé frá hinu opinbera ($r(33)=0,774, p < 0,000$). Ekki er hægt að fullyrða um orsakasamhengið en svo virðist vera sem fjöltyngd börn séu síður í mataráskrift og hugsanlegt er að það sé vegna lægri tekna fjölskyldna þeirra en mögulega kemur einnig til menningarmunur og smekkur á íslenskum skólamötuneytismat. Samband tekna fjölskyldna hvers skólahverfis og hlutfalls í mataráskrift verður skoðað nánar þegar nýrri tölur berast frá Hagstofu Íslands.

	Hlutfall nemenda í mataráskrift haustið 2020
Miðgildi ráðstöfunartekna (N=33)	0,476**
Hlutfall með 25% eða meira af heildartekjum frá hinu opinbera	-0,408*
Hlutfall undir lágtekjumörkum (60% af miðgildi ráðstöfunartekna)	-0,286
Hlutfall fjöltyngdra nemenda	-0,503**

** Fylgnin er marktæk við 0,01 marktæktarstig (tvíhliða próf)

* Fylgnin er martæk við 0,05 martæktarstig (tvíhliða próf)

	Hlutfall fjöltyngdra nemenda 2020
Miðgildi ráðstöfunartekna (N=33)	-0,664**
Hlutfall með 25% eða meira af heildartekjum frá hinu opinbera	0,774**
Hlutfall undir lágtekjumörkum (60% af miðgildi ráðstöfunartekna)	0,361*

** Fylgnin er marktæk við 0,01 marktæktarstig (tvíhliða próf)

* Fylgnin er martæk við 0,05 martæktarstig (tvíhliða próf)

¹ Hér er um að ræða fjárhagstuðning frá sveitarfélagi, atvinnuleysisbæti, örorkubætur o.fl. en ekki tekjur frá fæðingarorlofsjóði.

Fjárhagsaðstoð

Foreldrar sem njóta fjárhagsstuðnings til framfærslu frá borginni fá í hverjum mánuði sérstaka fjárhagsaðstoð, til viðbótar við grunnfjárhæð, fyrir hvert barn sem er með lögheimili og er á framfæri foreldris. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Þessum reglum um fjárhagsaðstoð var nýverið breytt á þann hátt að nú þarf ekki lengur að sækja sérstaklega um þessa aukaaðstoð heldur kemur hún sjálfkrafa og eru reikningar greiddir beint til SFS með færslu í bókhaldi. Að auki var styrkupp hæðin hækkuð þannig að hún sé í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni. Með þessum ráðstöfunum er efnaminna hópnum að fullu mætt varðandi skólamáltíðir.

Framfylgd gæðaviðmiða í skólámötuneytum

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að hádegismaturinn sem framreiddur er í skólámötuneytum uppfylli gæðakröfur nútímans og fylgt sé *Ráðleggingum um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri frá Embætti landlæknis: [\(Ráðleggingar um mataræði LR 20.01.2015.pdf \(landlaeknir.is\)\)](#).*

Skólaárið 2016-2017 hófst innleiðing á matseðlum í grunnskólum Reykjavíkur þar sem markmiðið var að samræma hráefni og gæði máltíða innan hverfa borgarinnar. Viðmið varðandi orku-, prótín-, fitu- og saltinnihald máltíða voru nákvæmlega útlistuð, viðeigandi skammtastærðir aldurshópa sem og næringarsamsetning máltíða og sú næringarlega heild sem hver vika þarf að uppfylla. Samhliða þessu voru gefnar út sérstakar leiðbeiningar varðandi nemendur með fæðuþöpol eða -ofnæmi.

Við þetta bættist Matarstefna Reykjavíkurborgar (2018-2022) en innleiðing hennar hefur verið í gangi frá árinu 2018. Matarstefnan byggir á opinberum ráðleggingum Embættis landlæknis er varðar næringargildi. Staðan á innleiðingunni í leik- og grunnskólum var skoðuð sérstaklega haustið 2020 fyrir innleiðingarhóp matarstefnunnar.

Matseðlatímabil grunnskólanna samanstendur af 6 vikna lotum yfir skólaárið til að auðvelda skipulagningu og gerð matseðla. Hver lota er eins eða mjög svipuð og notast er við ákveðin fyrirframgefin viðmið um það hvaða matur er á boðstólum í grunnskólunum.

Fiskur: 1-2 sinnum í viku
Lax eða annar feitur fiskur: 1 sinni á sex vikna tímabili/lotu
Kjöt: 1-2 sinnum í viku
Saltar og unnar kjötvörur: ekki oftar en 4 sinnum á skólaári
Kjúklingur: a.m.k. 1 sinni á sex vikna tímabili
Grænmetisréttur: a.m.k. 1 sinni á sex vikna tímabili
Spónamatur/borðað með skeið: má vera 1 sinni í viku
Ávextir og/eða grænmeti daglega
Velja heilkornabrauð og vörur sem oftast innihalda gróf korn

Haustið 2019 var gerð ítarleg úttekt á innihaldi matseðla í leik- og grunnskólum borgarinnar að beiðni sviðstjóra SFS. Svör bárust frá 26 grunnskólum af 36 og var meginmarkmið þeirrar úttektar að athuga hvort unnið væri eftir fyrrnefndum matseðlaleiðbeiningum og byggt á opinberum ráðleggingum frá Embætti landlæknis, sem lýst er hér á undan.

Skólarnir framfylgdu einnig öðrum viðmiðum en þó misvel. Best gekk þeim að framfylgja viðmiði varðandi fjölda fiskmáltíða en allir skólar sem svöruðu (26 af 36) uppfylltu það viðmið. Síst gekk þeim að fylgja viðmiði um framboð á söltum og unnum kjötvörum en æskilegt er að hafa slíkan mat ekki oft á boðstólum en 4 x á skólaári. Það voru aðeins 4 skólar sem framfylgdu þessu viðmiði en 22 skólar eru með slíkan mat oft, sumir allt að 1 x í viku. Viðmiðið um grænmetisrétti, sem lagt var upp með að skólar hefðu a.m.k. 1x í hverri 6 vikna lotu, var ekki uppfyllt nema í 14 skólum. Niðurstöður sýndu að 12 skólanna væru þó nálægt því. Aðeins 1 skóli var aldrei með grænmetisrétt í boði. Þessar niðurstöður (tafla 2) sýni að ekki þarf mikið til að bæta það sem upp á vantar til að framfylgja viðmiðum.

Tafla 2. Niðurstöður úttektar á innihaldi matseðla í 26 grunnskólum haustið 2019

Niðurstöður	Framfylgja viðmiði	Viðmið
26 grunnskólar eru með fisk 1-2 x í viku	26 framfylgja viðmiði	Fiskur: 1-2 sinnum í viku
24 grunnskólar eru með lax eða annan feitan fisk 1x á 6 vikna tímabili og oft	24 framfylgja viðmiði en 2 ekki	Lax eða annar feitur fiskur: 1 sinni á sex vikna tímabili/lotu
25 grunnskólar eru með ferskt kjöt 1-2 x í viku, 1 skóli ekki, en með hakkrétti	26 framfylgja viðmiði	Kjöt: 1-2 sinnum í viku
4 grunnskólar eru aldrei með saltar og unnar kjötvörur, 1 skóli 1x í viku, 17 skólar 1-5x á skólaári og 4 skólar 1-2x í lotu	4 framfylgja viðmiði en 22 ekki	Saltar og unnar kjötvörur: ekki oft en 4 sinnum á skólaári
26 grunnskólar eru með kjúkling a.m.k. 1 x á sex vikna tímabili	26 framfylgja viðmiði	Kjúklingur: a.m.k. 1 sinni á sex vikna tímabili
1 grunnskóli aldrei með grænmetisrétti/vegan, 5 skólar 1-5x á skólaári. 6 skólar 3-5x í lotu. , 4 skólar daglega, 1 skóli 3x í viku, 2 skólar 1x í viku, 7 skólar 1-2x í lotu	14 framfylgja viðmiði en 12 ekki	Grænmetisréttur: a.m.k. 1 sinni á sex vikna tímabili
22 grunnskólar eru með spónamat 1 sinni í viku	26 framfylgja viðmiði (þeir mega vera með spónamat)	Spónamat/borðað með skeið: má vera 1 sinni í viku
20 grunnskólar eru með ávexti og/eða grænmeti daglega, 3 skóli 3x í viku, 3 skólar 4x í viku	20 framfylgja viðmiði en 6 ekki	Ávextir og/eða grænmeti daglega
25 grunnskólar velja gróft brauð án og með áleggi, 1 skóli aldrei með gróft brauð	25 framfylgja viðmiði en 1 ekki	Velja heilkornabrauð og vörur sem oftast innihalda gróf korn

Í nemendakönnunum Skólapúlsins (6.-10. bekkur) síðustu þrjú skólaár kemur í ljós að maturinn fer frekar batnandi með hverju skólaárinu sem líður að mati nemendanna í áskrift sbr. kaflann hér að framan. Nemendur sem voru ekki í áskrift skólaárið 2019-20 sögðu helstu ástæðurnar fyrir því að svo væri vera að maturinn væri vondur, þeir vildu frekar borða heima og/eða koma með nesti og er niðurstaða skólaársins 2020-2021 svipuð.

Þessar niðurstöður bera vitni um að matargerð í mótuneytum grunnskólann er á réttri leið þar sem nemendur í áskrift voru ánægðari haustið 2020 en haustið 2018. Það er mikilvægt að hlusta á óskir nemenda og ástæður þeirra, af hverju þeir eru ekki í mataráskrift og svo hvað þeim finnst um framboð og gæði í mótuneytum hvort sem þeir eru í áskrift eða ekki.

Tillögur til úrbóta

Það eru örugglega nokkrar ástæður fyrir því að um 19% nemenda í 6.-10. bekk eru ekki mataráskrift. Hafa ber í huga að flestir ef ekki allir skólastjórnendur og/eða kennarar hafa samband við foreldra barna við minnstu áhyggjur af nemendum varðandi t.d. bága fjárhagsstöðu og líklega eru einhverjir þeirra í þessum hópi 19% nemenda þó þeir fái mat í skólanum sínum. Stuðlað er markvisst að því að allir nemendur geti fengið hádegismat, þó foreldrar greiði ekki mataráskrift sökun bágrar fjárhagsstöðu eða einhvers annars og eins getur verið að börnin biðji foreldra ekki um mataráskrift.

Foreldrar nemenda geta að sjálfsögðu ákveðið hvort börnin þeirra eru í mataráskrift eða ekki og svo getur líka verið að þau greiði fyrir mataráskrift, en börn þeirra borði þó ekki daglega, eingöngu þegar þau vilja borða. Einnig getur verið að foreldrar hugi að hollustu matarins og finnist t.d. skortur á almennu hollustufæði og/eða grænmetisfæði/grænkerafæði (vegan).

Nemendurnir sjálfir hafa án efa mikið um það að segja hvort þeir vilja vera í áskrift í mötuneyti eða ekki og spilar þá örugglega inn í hversu bragðgóður þeim finnst maturinn, smekkur þeirra fyrir íslenskum mötuneytismat, framboð af bragðgóðu og næringarríku grænmetisfæði/grænkerafæði (vegan) og hugsanlega mati þeirra á hollustu.

Eins og áður hefur verið vikið að þá eru niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins helstu gögnin sem hægt er að byggja á þegar ástæður fyrir mataráskrift skólamáltíða eru skoðaðar. Því eru þær niðurstöður sérstaklega nýttar í þessari greinargerð, þ.e. svör nemendanna sjálfra við spurningum um mötuneyti skólanna, hvort sem þeir eru í áskrift eða ekki.

Lagt er til að farið verði í eftirfarandi úrbætur með tilliti til þeirra upplýsinga sem hér koma fram:

- a) Gera upplýsingar aðgengilegri á vef borgarinnar um leiðir fyrir efnaminni foreldra til að sækja fjárstuðning til borgarinnar til að greiða mat fyrir börn sín. Slíkar upplýsingar verða að vera aðgengilegar á nokkrum tungumálum og upplýsa þarf skólastjórnendur um ferilinn.
- b) Skerpa á verklagi innan grunnskólanna. Þeir sem sjái um að fylgjast með mataráskrift í skólum taki saman lista yfir þá sem ekki eru í mataráskrift og biðji umsjónarkennara um að fylgjast með því hvort þau börn, sem ekki eru í mataráskrift, séu sæmilega nestuð. Verði kennarar varir við að svo sé ekki sé slíkt rætt við t.d. námsráðgjafa sem geti fylgt málinu eftir. Skólar gera þetta að einhverju leyti nú þegar en nauðsynlegt er að hnykkja á vinnulagi í þessa veru. Farið verði í kortlagningu skólaárið 2021-2022 og verður verkefnið í framhaldinu unnið í samstarfi við velferðarsvið á grunni farsældarlaga til að móta aðgerðir eins og mögulegt er.
- c) Áfram verður fylgst með svörum barna í Skólapúlsi grunnskólanna og jafnframt verða settar inn aukaspurningar um mataráskrift í viðhorfskönnun til foreldra grunnskólabarna. Auk þessa verður haldið áfram að skoða reglulega gæði matar og framfylgd viðmiðunarmatseðla í grunnskólum borgarinnar.
- d) Efla upplýsingagjöf og reglulega og markvissa fundi með matreiðslufólki í grunnskólum borgarinnar. Þar skapast vettvangur til að ræða s.s. viðmiðunarmatseðla, eldun, framboð og gæði matar.
- e) Grænmetis-/grænkerafæði (vegan) og ávextir – bjóða upp á aukið val til að koma til móts við þá nemendur sem frekar vilja neyta slíks matar. Slíkt myndi jafnframt auka fjölbreytni og gera öllum nemendum kleift að smakka og jafnvel auka hlut grænmetis/ávaxta í mataræði sínu til samræmis við Matarstefnu Reykjavíkurborgar.